

Föstudaginn 22. marz 1968.

Nr. 50/1967. **Daníel Þorsteinsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Árna Snjólfssyni.

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór
B. Líndal.

Vinnulaunakrafa. Gerðardómur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1967. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gerðardómssamningur aðilja er rakinn í héraðsdómi. Verkefni gerðardómsins var „að gera upp öll viðskipti“ aðilja vegna félagsútgerðar þeirra. Verður að skýra samninginn þannig, að undir gerðardóminn beri úrskurður um kröfu stefnda um bætur fyrir frávíkningu úr skipstjórastarfi. Ber því að vísa frá héraðsdómi þessum kröfulið, kr. 26.439.00, auk vaxta og orlofsfjár.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans um vinnulaunakröfu stefnda, kr. 8.400.00. Ber áfrýjanda að greiða stefnda þessa fjárhæð með 6% af fjárhæðinni í orlofsfé og með 7% ársvöxtum af þessum fjárhæðum frá 7. ágúst 1962 til greiðsludags.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 5.000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Daníel Þorsteinsson, greiði stefnda, Árna Snjólfssyni, kr. 8.400.00 með 6% af fjárhæðinni í orlofsfé og með 7% ársvöxtum af þessum fjárhæðum frá 7.

ágúst 1962 til greiðsludags svo og kr. 5.000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Kópavogs 30. janúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardómi af Árna Snjólfsyni skipstjóra, Flókagötu 68, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 21. október 1965, á hendur Daníel Þorsteinssyni skipasmíðameistara, Hlíðarvegi 31 í Kópavogi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 34.839.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. ágúst 1962 til greiðsludags auk 6% orlofs á stefnufjárhæð og málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru *aðallega* þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en *til vara*, að stefnukröfurnar verði verulega lækkaðar. Jafnframt krefst hann hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnda.

Samkvæmt skjölum málsins og vitnisburði aðiljanna fyrir dómi eru málsatvik þessi:

Í september 1961 kom það til tals milli þeirra, að stefnandi gerðist meðeigandi stefnda að vélbátnum Trausta, KÓ 26, sem stefndi átti. Stefnandi kveður stefnda hafa heitið því, að báturinn yrði tilbúinn til veiða um miðjan nóvember það ár eða í síðasta lagi um mánaðamótin nóvember—desember. Í desember þetta ár kveður stefndi það hafa orðið að samkomulagi með þeim, að hann færi að vinna við að gera bátinn tilbúinn til veiða ásamt bróður sínum Þórhalli Snjólfsyni og Hauki Guðjónssyni nokkrum. Höfst þessi vinna stefnanda, sem var fólgin í því að hreinsa bátinn og mála, hinn 18. desember og lauk hinn 20. janúar 1962, en báturinn var sjósettur hinn 22. þess mánaðar.

Með samningi, dagsettum 13. janúar 1962, seldi stefndi stefnanda helming m/b Trausta, KÓ 26, og var svo ráð fyrir gert, að þeir sameigendurnir gerðu bátinn út saman og að stefnandi yrði skipstjóri á honum.

Var báturinn síðan gerður út á handfæraveiðar undir skipstjórn stefnanda tímabilið frá 23. janúar 1962 til 7. ágúst s. á., er stefndi tók bátinn í sínar vörzlur án vitundar stefnanda og sigldi honum frá Grindavík til Kópavogs, kom fyrir landfestum, læsti bátnum og tók startarann úr vélinni. Til Grindavíkur hafði stefn-

andi komið bátnum þennan sama dag og landað þar aflanum og gefið síðan áhöfninni leyfi til að fara til Reykjavíkur og fór þangað sjálfur til að ráða stýrimann sökum veikinda stýrimannsins á bátnum.

Með þessum aðgerðum stefnda lauk samútgerð þeirra og einnig sameign þeirra á bátnum. Hinn 28. ágúst gerðu málsaðiljar með sér samning um sameignarslit á m/b Trausta. Í þessum samningi þeirra, sem lagður hefur verið fram í málinu, segir m. a. svo:

„Við undirritaðir Árni Snjólffsson og Daníel Þorsteinsson, sem höfum rekið saman m/b Trausta, KÓ 26, frá 23/1 1962, en höfum ákveðið að slíta þeirri sameign, gerum af því efni svohljóðandi samning:

1. Að rekstur bátsins fyrir tímabilið frá 23/1 1962 til 7/8 1962 skal gerður upp af löggiltum endurskoðanda. Með tekjum skal í því sambandi telja aflasölu alla og verð þeirra hluta, sem á tímabilinu var selt af bátnum, tjónabætur vegna tjóna á tímabilinu. Til gjalda skal telja aflahluti og laun, oljufur og annan reksturskostnað, viðgerðir og viðhald, þó eigi vegna duldra galla, veiðarfæri og beitu, vexti af áhvílandi lánnum þennan tíma. Ennfremur kostnað af endurskoðun og uppgjöri. Hagur eða halli af rekstri bátsins skal skiptast að jöfnu milli eigenda, og skal endurskoðandinn reikna út, hve mikið hvor eigandi eigi að fá eða greiða með hliðsjón af því, að báðir hafa haft undir höndum fé bátsins. Hvor eigandi um sig skal innan 15 daga frá lokum uppgjörins segja til um, hvort hann sætti sig við uppgjörið og inna af hendi greiðslur, ef til kemur. Árna er þó óviðkomandi skaðabætur vegna uppsagnar skipshafnar. ...

4. Með framangreindum greiðslum eru að fullu uppgjörðar allar kröfur aðila hvor á hendur öðrum varðandi bátakaup þessi“.

Var nú endurskoðunarskrifstofu Björns E. Árnasonar falið að gera rekstrar- og efnahagsreikning um rekstur m/b Trausta greint tímabil, en eigi varð samkomulag með aðiljum um lausn ágreiningsmála þeirra á þessum grundvelli.

Hinn 25. marz 1963 gera þeir síðan með sér gerðardómssamning, en í honum segir m. a. svo:

„Hér með lýsum við undirritaðir, Árni Snjólffsson, Flókagötu 68, Reykjavík, og Daníel Þorsteinsson, Hlíðarvegi 19 A, að láta gerðardóm gera upp viðskipti okkar vegna útgerðar á m/b Trausta, KÓ 26.

1. Gerðardómurinn skal þannig skipaður, að hvor okkar tilnefnir einn mann í dóminn. Verði ekki samkomulag milli þeirra, skal einhver borgardómaranna í Reykjavík verða oddamaður í dóminum.

2. Verkefni dómsins er að gera upp öll viðskipti okkar vegna framangreindrar útgerðar á tímabilinu 13/1 1962 til 7/8 1962 í samræmi við ákvæði 1. gr. í samningi okkar frá 28. ágúst 1962. ...

5. Við skuldbindum okkur til þess að hlíta niðurstöðu þeirri, er gerðardómurinn kann að komast að“.

Gerðardómurinn var síðan skipaður, og lauk hann störfum hinn 16. desember 1963 með uppkvaðningu dóms. Í forsendum hans segir m. a. svo:

„Það þykir eigi á valdsviði gerðardóms þessa að kveða á um kaupkröfu þá, sem hreyft hefur verið af hálfu Árna Snjólfssonar í máli þessu. Verður því engin afstaða tekin til hennar“.

Með ofangreindum gerðardómi voru útkljáð skipti aðilja máls þessa vegna útgerðar m/b Trausta nefnt tímabil, en stefnandi hóf síðan málssókn þessa með útgáfu stefnu á hendur stefnda, eins og fyrr greinir.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

1. Vinnulaun við að hreinsa og mála m/b Trausta, KÓ 26, á tímabilinu 18/12 1961—20/1 1962, 240 tímar á kr. 35/— kr. 8.400.00
2. Skipstjórakaup í þrjá mánuði (uppsagnarfrestur) — 26.439.00
+ 6% orlof á greindar fjárhæðir (ekki tekið með í stefnufjárhæð)

Samtals kr. 34.839.00

Stefnandi rökstyður kröfur sínar í málinu með því, að með gerðardóminum 16. desember 1963 hafi aðeins verið útkljáð viðskipti málsaðiljanna vegna samútgerðar þeirra á m/b Trausta tímabilið 23. janúar 1962 til 7. ágúst s. á., enda komi það fram í forsendum gerðardómsins, þar sem segi, að engin afstaða sé tekin til vinnulaunakröfu Árna Snjólfssonar, sem hreyft hafi verið undir rekstri gerðardómsmálsins, vegna þess, að það sé eigi á valdsviði dómsins.

Varðandi fyrri lið stefnukröfu, kr. 8.400.00, vegna vinnu stefnanda við að mála og hreinsa m/b Trausta bendir stefndi á, að

í kaupsamningi um bátinn, dags. 13. 1. 1962, sé kveðið svo á, að báturinn seljist málaður úr slipp, en að öðru leyti í núverandi ástandi, sem kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti. Því sé ljóst, að stefnandi hafi einmitt verið að vinna í þágu stefnda ásamt öðrum mönnum, sem hafi fengið greidd laun fyrir vinnu sína við að koma bátnum í það ástand, sem um hafi samizt milli þeirra, að hann yrði í, er stefnandi gerðist meðeigandi að honum að hálfu á móti stefnda.

Síðari lið kröfu sinnar um skipstjórakaup í þrjá mánuði, kr. 8.813.00 á mánuði, eða samtals kr. 26.439.00, byggir stefnandi á því, að þegar stefndi með ólögmætum aðgerðum sínum tók bátinn í vörzlur sínar og svipti hann algerlega umráðum bátsins, hafi í reynd lokið bæði samútgerð þeirra og sameign um bátinn. Hafi þetta gertæki stefnda svipt hann þessari atvinnu sinni og hafi hann verið atvinnulaus af þessum sökum þar til í febrúar 1963. Þessi ólögmæta sjálfataka stefnda sé á engan hátt réttlætanleg og sé því augljóst, að sér beri skipstjórakaup í þrjá mánuði vegna þessarar fyrirvaralausu brottvikningar úr starfi samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og samkvæmt 3. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, en ákvæði nefndrar lagagreinar séu samhljóða ákvæðum 3. gr. laga nr. 41/1930, sem í gildi voru, er atvik þau gerðust, sem mál þetta er risið af. Þá bendir stefnandi á, að stefndi hafi í reynd viðurkennt bótaskyldu sína í samningi þeirra um sameignarslitin, dags. 28. 8. 1962, þar sem segir m. a.: „Árna er þó óviðkomandi skaðabætur vegna uppsagnar skipshafnar“.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að með gerðardómsamningi þeirra stefnanda frá 25. 3. 1963 og gerðardóminum frá 16. 12. 1963 hafi öll viðskipti þeirra aðiljanna verið að fullu upp gerð og eigi því stefnandi engar kröfur á hendur sér.

Um fyrri lið dómkröfu stefnanda heldur stefndi því fram, að þessi vinna hafi verið framlag stefnanda á móti sinni vinnu við bátinn vegna væntanlegrar samútgerðar þeirra. Hafi eigi verið talin ástæða til að bókfæra þetta framlag hvors um sig, enda hafi stefnandi fyrst að fjórum árum liðnum gert kröfu til greiðslu fyrir vinnu þessa. Jafnframt bendir stefndi á, að hluti þessarar vinnu sé inntur af hendi, eftir að stefnandi var orðinn eigandi m/b Trausta að hálfu. Þá mótmælir stefndi kröfulið þessum sem ósundurliðuðum.

Um síðari lið dómkröfu stefnanda vísar stefndi til þess, sem áður er haldið fram af hans hálfu um lokauppgjör viðskipta aðiljanna með gerðardóminum, og bendir jafnframt á, að í samn-

ingi þeirra um slit á sameigninni hafi enginn fyrirvari verið um slíka kröfu og stefndi því firrt sig öllum þeim rétti, sem hann kunni að telja sig hafa átt. Hins vegar sé það ljóst, að ráðningu stefnanda hafi lokið fyrirvaralaust með sameignarslitunum, en forsenda skipstjórnar hans hafi verið samútgerð þeirra, enda hafi stefnandi brotið af sér í starfi, m. a. með því að leggja ekki upp allan afla bátsins hjá sér, en það hafi verið aðalákvörðunar-ástæða sín, er hann seldi stefnanda helming bátsins. Sé það í samræmi við venju og eðli máls, að hann, sem starfrækti fisk-verkunarstöð, fengi allan afla bátsins til verkunar.

Varakröfu sína reisir stefndi á þeim rökum, að hafi stefnandi átt rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests, hljóti krafa um laun á uppsagnartímanum að beinast að stefnanda sjálfum að helmingi til sem útgerðarmanni bátsins.

Það er álit réttarins, að kröfur stefnanda í málinu falli utan þess ramma, sem gerður var með sameignarslitasamningnum frá 28. 8. 1962 og gerðardómssamningnum frá 25. 3. 1963, en síðari samningurinn byggir á 1. gr. þess fyrri um verkefni og verksvið, en í lok þeirrar greinar segir, eins og áður er að vikið, að stefnanda séu óviðkomandi skaðabætur vegna uppsagnar skipshafnar. Hafna ber því sýknukröfu stefnda, sem er byggð á þeim rökum, að öll viðskipti aðilja hafi verið útkljáð með gerðardóminum.

Varðandi kröfu stefnda um sýknu vegna tómlætis stefnanda um þessa kröfugerð, er fram komið í málinu, að stefnandi hafði uppi þessar kröfur undir rekstri gerðardómsmálsins, og er því ómótmælt af hálfu stefnda. Þegar þetta er virt og með hliðsjón af því, hvernig í pottinn var búið með uppgjör málsaðilja við sameignarslitin, þykja eigi vera efni til að taka til greina sýknukröfu stefnda, byggða á þessari málsástæðu.

Því er eigi mótmælt af stefnda, að stefnandi hafi unnið við m/b Trausta tímabilið 18. 12 1961 til 20. 1. 1962 við að hreinsa bátinn og mála, og því eigi heldur, að samstarfsmenn hans hafi fengið greiddar kr. 35.00 á klst. fyrir þessa vinnu úr hendi stefnda. Þegar það er virt, að stefnda hefur eigi tekizt að færa sönnur á þá staðhæfingu sína, að þessi vinna stefnanda hafi verið hluti hans af sameiginlegu framlagi þeirra hvors um sig til væntanlegrar samútgerðar, og það, að ágreiningslaust er, að útgerð þeirra á bátnum hófst fyrst, er hann var sjósettur hinn 22. 1. 1962, og ákvæði kaupsamningsins um ástand bátsins, þegar stefnandi keypti helming í honum, þykir rétt að taka til greina að fullu þessa kröfu stefnanda um kaup, samtals kr. 8.400.00, fyrir þessa

vinnu, enda hefur stefnandi fyrir dómi gert nánari grein fyrir þessum kröfulið.

Eins og fyrr greinir, lauk samútgerð aðilja málsins hinn 7. ágúst 1962, er stefndi tók m/b Trausta í Grindavíkurhöfn og sigldi honum til Kópavogs og gekk þannig frá bátnum, að stefnandi var algerlega sviptur öllum umráðum hans. Með þessum aðgerðum stefnda, sem telja verður ólögmeða sjálftöku, var stefnanda í reynd vikið fyrirvaralaust úr skipstjórastöðunni. Samkvæmt 3. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, sem í gildi voru, er þeir atburðir gerðust, sem mál þetta er risið af, ber skipstjóra, sem vikið er fyrirvaralaust úr stöðu sinni, bætur, eigi minni en þriggja mánaða kaup, ef hann hefur eigi brotið af sér í starfi á þann hátt, sem í 5. gr. sömu laga greinir, sbr. samsvarandi ákvæði í núgildandi sjómannalögum nr. 67/1963. Þar sem stefndi hefur eigi fært sönnur á, að stefnandi hafi brotið af sér í starfi, eins og í 5. gr. sjómannalaganna segir, og með tilliti til sameignarslitasamningsins frá 28. 8. 1962, ber að telja, að stefndi beri óskipta fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna uppsagnarinnar.

Með hliðsjón af aflahluta stefnanda, sem nam samtals um kr. 100.000.00 þann tíma, er málsaðiljar gerðu út saman, og samningum um kaup og kjör yfirmanna á fiskiskipafлотanum árið 1961 og 1962 þykir rétt að taka til greina að fullu kröfu stefnanda um kaup í þrjá mánuði, kr. 8.813.00 á mánuði, eða samtals kr. 26.439.00. Þá ber, sbr. 1. gr. og 4. gr. laga nr. 16/1943, að taka til greina kröfu stefnanda um 6% orlof á dæmdar fjárhæðir. Vaxtakrafa stefnanda er og tekin til greina.

Eftir þessum lyktum málsins ber að dæma stefnanda málskostnað úr hendi stefnda, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 7.600.00.

Dómur þessi er uppkveðinn af Ólafi St. Sigurðssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt sjó- og verzlunardómsmönnum Friðbert Elí Gíslasyni skipstjóra og Þormóði Pálssyni gjaldkera.

Dómsorð:

Stefndi, Daníel Þorsteinsson, greiði stefnanda, Árna Snjólfssyni, kr. 34.839.00 auk 6% orlofs á þá fjárhæð með 7% ársvöxtum frá 7. ágúst 1962 til greiðsludags og kr. 7.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.